

Skil á hlutafjármiðum til skattyfirvalda

Embætti ríkisskattstjóra minnir á skyldu hlutafélaga, einkahlutafélaga, samlagshlutafélaga og samvinnuhlutafélaga til að skila skattyfirvöldum hlutafjármiðum vegna ársins 2010. Minnt er á að unnt er að skila hlutafjármiðum með **rafrænum hætti** í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á þjónustusíðu á **www.skattur.is**. Skila skal upplýsingum um hlutafjáreign allra hluthafa í árslok 2010, innlendra sem erlendra. Miðunum á **alltaf** að skila, hvort sem arði var úthlutað eða ekki á árinu 2010. Upplýsingarnar verða m.a. nýttar til að auðvelda einstaklingum framtalsgerð og tímanleg skil þeirra koma í veg fyrir óþarfa fyrirhöfn framteljenda, skattyfirvalda og hlutafélaganna sjálfra.

RSK RÍKISSKATTSTJÓRI		Hlutafjármiði vegna tekjuársins 2010	
Upplýsingar um hluthafa/eiganda			
01 Kennitala	220222-2229	Kennitala forráðanda ef eigandi er barn	
Nafn og heimilisfang		Nafn hlutafélags og kennitala	
Jón Jónsson Ríma 24 112 Reykjavík		421212-1919 Verksmiðjan hf. Ríma 25 112 Reykjavík	
Hlutabréf	76 Útg. jöfnunarhlutabréf á árinu	77 Hlutafjáreign í árslok	78 Greiddur arður á árinu (heild)
0		250.000	25.000
Stofnfjárbréf sparisjóðanna	80 Endurmat stofnfjár á árinu	81 Stofnfjáreign í árslok	84 Greiddur arður á árinu
			0
			79 Staðgreiðsla af arði
			4.500
			36 Dags. arðgreiðsla
			15.4.10

RSK 2.045 Frumrit: Til ríkisskattstjóra

Vakin er athygli á nýjum reit á hlutafjármiða 2011, þar sem færa skal þann hluta arðgreiðslu sem farið er með sem laun skv. 3. málsl. 1. mgr. 11. gr. skattalaga.

Í reit 79 skal aðeins færa greidda staðgreiðslu af **arði**. Ekki staðgreiðslu af þeim hluta arðs sem talinn er sem laun.

Frestur til að skila upplýsingunum með rafrænum hætti er til **10. febrúar 2011**. Sé upplýsingunum skilað á pappírformi er skilafresturinn styttri, eða til 30. janúar. Vanskilum hlutafélaga á þessum upplýsingum verður fylgt eftir, m.a. í tengslum við skil á skattframtali 2011.

Vakin er sérstök athygli á því að unnt er að skila umræddum upplýsingum í gegnum Gagnaskilakerfi RSK á vefnum. Kerfi þetta auðveldar til muna þessi upplýsingaskil en aðgangur að því er í gegnum þjónustusíðu lögaðila á www.skattur.is og krefst veflykils.

Nánari upplýsingar um skilaleiðir er hægt að fá í **síma 442 1000**.